

BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson gsig@bondi.is

2. bréf 2013

júní

Frá aðalfundi Búnaðarsamtaka Vesturlands

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands var haldinn að Hótel Brú fimmtudaginn 11. apríl 2013 þar voru eftirfarandi samþykktir samþykktar:

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013 *mótmælir skertri pósthjónustu í dreifbýli. Færsla póstkassa frá húsi að tengi- eða stofnvegi veldur íbúum óhagræði, sérstaklega þar sem vegalengdin getur skipt kílómetrum.*

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013 *hvetur Bændasamtök Íslands til áframhaldandi baráttu fyrir eflingu fjarskipta á landsbyggðinni. Víða er fjarskiptum ábótavant og t.a.m. hafa íbúar á sunnanverðu Snæfellsnesi fengið sig fullsadda af óviðunandi netsambandi.*

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013 *hvetur aðildarfélög samtakanna til að auka hlut kvenna í stjórnnum búnaðarfélaga og sem fulltrúa á aðalfund samtakanna.*

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013 *felur stjórn BV að kanna möguleika á samræmdu veflægu pöntunarkerfi fyrir sauðfjársæði í samstarfi við BSSL.*

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013 *telur það skyldu samkvæmt lögum að Matvælastofnun/ríkisvaldið haldi skilyrðislaust við þeim varnargirðingum sem nú þegar eru viðurkenndar.*

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013 *hvetur alla jarðaeigendur til að nýta sér markvissa beitarstjórnun til að hindra sinumyndun og þar af leiðandi eldhættu.*

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013 *samþykkir að BV haldi áfram með verkefni um starfsumhverfi, öryggis og heilsuvernd.*

Aðalfundur BV haldinn að Hótel Brú 11. apríl 2013 *krefst þess að Matvælastofnun sinni þeirri skyldu sinni að hreinsa upp aflagðar varnargirðingar eða semji við bændur um að taka við þeim.*

Á fundinum var stjórn BV endurkjörin en hana skipa:

Guðný Jakobsdóttir, Syðri Knarrartungu, formaður, Daníel Ottesen, Ytra Hólmi, Þórhildur Þorsteinsdóttir, Brekku, Kristján Magnússon, Snorrastöðum og Valberg Sigfússon, Stóra Vatnshorni. Varamaður sem tekur sæti í stjórn í forföllum formanns, Halla Steinólfsdóttir, Ytri-Fagradal. Aðrir varamenn Einar Örnólfsson, Sigmundarstöðum, Guðbrandur Guðbrandsson, Staðarhrauni, Gunnar Guðbjartsson, Hjarðarfelli, og María G.Líndal, Neðri- Hundadal.

Frá aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða var haldinn laugardaginn 13. apríl 2013 í Grunnskólanum á Reykhólum, þar voru eftirfarandi tillögur samþykktar:

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13.apríl *beinir því til Vegagerðarinnar að endurskoða reglur um snjómokstur á Vestfjörðum.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl *hvetur Bændasamtök Íslands til að fylgja fast eftir athugasemdum sínum um drög að vatnalögum og nýsamþykktum náttúruverndarlögum sem taka eiga gildi 1.apríl 2014.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl *hvetur Bændasamtök Íslands til að kynna fyrir bændum hver staðan er varðandi lögbýli þar sem fleiri en einn eigandi er.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl, *veitir stjórn BSV fulla heimild til að ganga frá samkomulagi um skiptingu búnaðargjalds í samræmi við bréf frá Bændasamtökum Íslands dagsettu 19. febrúar 2013 og ályktun nr. 34 frá Búnaðarþingi 2013 um sama mál.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl 2013 *beinir því til RML að það hlutist til um að almenn fræðsluþjónusta við bændur á starfssvæði Búnaðarsambandsins samfara stofnun RML, versni ekki.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl 2013 *skorar á stjórnvöld að marka sér byggðarstefnu fyrir landsbyggðina í heild sinni. Stefnu sem er í senn sóknaráætlun fyrir landsbyggðina og markmiðsplagg fyrir hvert landsvæði fyrir sig.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl 2013 *óskar eftir að Landbúnaðarháskóli Íslands endurskoði úrvinnslu heysýna með það í huga að gera ferlið styttra og skilvirkara.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl 2013 *beinir því til stjórnar Búnaðarsambandsins að beita sér fyrir því að tekin verði til skoðunar ákvæði um úrræði sem taka eiga á lélegum aðbúnaði og/eða fóðrun búpenings.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl 2013 *tekur undir og styður tillögu Aðalfundar Félags sauðfjárbænda á Vestfjörðum dags. 12. apríl 2013 varðandi sauðfjárveikivarnargirðingar.*

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða haldinn að Reykhólum 13. apríl 2013 *leggur áherslu á að refastofninum verði haldið niðri um allt land. Stofninn hefur margfaldast á tiltölulega fáum árum og ef svo fer fram sem horfir stefnir í stórslys á lífríki landsins. Ástand fuglalífs í friðland Hornstranda er augljóst dæmi um það hvernig mikil fjölgun refa er ógn við það jafnvægi sem við viljum viðhalda í náttúru landsins og ætti því að vera víti til varnaðar. Það er skýlaus krafa fundarins að*

ríkið komi enn frekar að þessum málaflakki og verji til þess verulegum fjármunum, að lágmarki 75% af kostnaði við veiðarnar. Einnig að unnið verði markvisst að útrýmingu minnks á landinu með öllum tiltækum ráðum.

Ný stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða er þannig skipuð: Formaður Sigmundur H. Sigmundsson Látrum, gjaldkeri Helga Dóra Kristjánsdóttir Tröð, ritari Halldóra Ragnarsdóttir Brjánslæk.

Bókhaldsþjónusta BV ehf.

Stjórn Bókhaldsþjónustu BV hefur ákveðið að gjaldskrá fyrir bókhaldsþjónustu verði kr. 6.000.- á klst. án vsk. frá og með 1.09.2013.

Bókhaldsþjónusta BV ehf. tekur að sér bókhald og framtalsgerð. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Ingveldi H. Ingibergsdóttur í síma 437 1215 eða með tölvupósti á netfangið ih@bondi.is

Jarðabætur 2013

Frá og með 1. júlí nk. munu bændur geta sótt um jarðabótastyrk rafrænt á sínum aðgangi á Bændatorginu. Umsóknarfrestur er til 10. september. Bændur sem stunda einhverskonar ræktun á korni, grænfóðri eða eru að endurrækta/nýrækta tún eru hvattir til að sækja um styrk. Sækja þarf um á kennitölu rekstareiningar þar sem búnaðargjaldsskyld framleiðsla er stunduð.

Nú er gerð ríkari krafa um að með umsókn vegna jarðabóta skuli fylgja túnkort af ræktarlandinu eða það sé aðgengilegt hjá viðkomandi ráðunautþjónustu (t.d. í gegnum Jörð.is). Eins og fram kemur á eyðublaði þarf umsækjandi að tiltaka númer á spildum og stærðir. Það er á ábyrgð umsækjanda að kanna hvort afrit af túnakorti sé til á skrifstofu BV ef það er ekki á jörð.is. Bændur eru hvattir til að tilgreina tegund ræktunar og yrkja sem sáð er, upplýsingar þessar verða svo aðgengilegar á jörð.is.

Breyting verður núna vegna samninga á auknu framlagi sem gerir það að verkum að bændur geta átt von á 17.000 kr fyrir fyrstu 30 ha og 12.000 fyrir næstu 30 ha. Svínabændur hafa skerðingarmörkin 75 ha og 150 ha. Það er þó rétt að nefna að áður nefndar styrkuppþæðir miðast við sama umfang ræktunar og var árið 2012. Styrkur á hvern ha lækkar eftir því sem umfang ræktunarinnar verður meira á landsvísu.

Þá verða nú veitt framlög til hreinsunar stórra affallsskurða (6 metra að ofan), en það hefur ekki verið gert síðan árið 2010 Framlag á hvern kílómetra er kr. 125.000,-

Lambamælingar í haust

Lambamælingar í haust verða á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og er bændum bent á að hægt er að panta nú þegar á heimasíðu RML sem er www.rml.is

Sumarlokun BV

Skrifstofu Búnaðarsamtaka Vesturlands verður lokað mánudaginn 8. júlí og opnar aftur mánudaginn 29. júlí. Ef nauðsynlega þarf að hafa samband við BV þá er hægt að hringja í Guðmund Sigurðsson, framkvæmdastjóra, í síma 892 0659.

Frjótækna munu verða á vaktinni sem áður og minnum við bændur á að hringja fyrir tilskilinn tíma til að panta sæðingar.

Ert þú skráður á netfangalista BV?

Við hvetjum þá sem ekki eru skráðir á netfangalistann okkar til að láta okkur vita um netföng sín. Þeir sem hafa skipt um netföng eru einnig hvattir til að láta okkur vita um breytingarnar. Best er að senda póst á bv@bondi.is um leiðréttingar eða ný netföng.

Gjaldskrá BV

Á stjórnarfundum þann 18. júní sl. tók stjórn BV þá ákvörðun að hækka gjaldskrá Búnaðarsamtaka Vesturlands vegna nautgripasæðinga frá og með 1. júlí 2013. Önnur gjaldtaka er óbreytt og gildir gjaldskrá BV frá 30.11.2011 fyrir greinar 2 og 3.

Gjaldskrána má sjá hér að neðan:

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er eftirfarandi:

gjald fyrir sædda kú í skýrsluhaldi	kr. 2.010
gjald fyrir sædda kú utan skýrsluhalds	kr. 2.760
gjald fyrir sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	kr. 6.210
heimsóknargjald vegna sæðinga	kr. 1.265

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á starfssvæði BV

kr. 4.600 pr. klst.

Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði BV

kr. 10.000 pr. klst.

Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði BV

kr. 0

Gjald fyrir klaufskurð er eftirfarandi:

Tímagjald fyrir klaufskurð fyrir bændur á starfssvæði BV

kr. 7.000 pr. klst.

Heimsóknargjald vegna klaufskurðar á starfssvæði BV

kr. 17.000

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxta sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

**ATH. Vaktsímar dýralækna eru auglýstir á
Heimasíðu BV www.buvest.is**

Símanúmer RML er 516 5000 og heimasíða RML er www.rml.is

Símanúmer BV er 437 1215 og heimasíða BV er www.buvest.is